

Ár 2011, þriðjudaginn 7. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Huldu Árnadóttur og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Mannvirkjastofnunar**

#### **I.**

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á lögum um kjararáð, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Mannvirkjastofnun er ný stofnun sem sett var á stofn með lögum nr. 160/2010. Forstjóri Mannvirkjastofnunar er forstöðumaður samkvæmt 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 og er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. sömu laga. Heyrir því undir kjararáð að ákveða forstjóra hennar laun.

#### **II.**

Með bréfi umhverfisráðuneytisins, dagsettu 25. mars 2011, var kjararáði tilkynnt að ný stofnun, Mannvirkjastofnun, hefði tekið til starfa 1. janúar 2011 við gildistöku nýrra laga um mannvirki nr. 160/2010. Var óskað eftir að kjararáð tæki ákvörðun um laun og starfskjör forstjóra stofnunarinnar. Í bréfinu sagði að markmið hinna nýju laga væri að auka öryggi og gæði mannvirkja, efla neytendavernd, bæta skilvirkni í stjórnýslu mannvirkjamála, tryggja faglega yfirsýn í málaflokknum og samræma byggingareftirlit um land allt. Stofnunin hefði einnig það hlutverk að hafa eftirlit með og vinna að samræmingu brunavarna í landinu og reka Brunamálaskólann. Við gildistöku laganna hefði Mannvirkjastofnun tekið við verkefnum Brunamálstofnunar er varði byggingarmál, verkefnum Skipulagsstofnunar er varði skipulagsmál og verkefnum Neytendastofu er varði eftirlit með rafveitum og markaðseftirliti raffanga sem og nýjum verkefnum samkvæmt lögum um mannvirki. Fjöldi starfsmanna Brunamálstofnunar hefði verið tíu stöðugildi, fimm stöðugildi hefðu flust frá Neytendastofu og áætlað væri að fimm stöðugildi bættust við á þessu ári og því næsta. Heildarfjöldi starfsmanna yrði a.m.k. 30 stöðugildi þegar stofnunin væri komin í fullan rekstur. Umfang veltu myndi aukast við þetta. Til samanburðar hefði fjárveiting Brunamálstofnunar verið 158 m.kr. samkvæmt fjárlögum ársins 2009 en fjárveiting Mannvirkjastofnunar 374 m.kr. samkvæmt fjárlögum ársins 2011.

Með bréfum dagsettum 31. mars 2011 var forstjóra Mannvirkjastofnunar og fjármálaráðuneytinu gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir vegna fyrirhugaðrar ákvörðunar ráðsins. Svar fjármálaráðuneytisins barst með bréfi dagsettu 14. apríl 2011. Svar forstjórans barst með bréfi dagsettu 15. maí 2011.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins sagði að Mannvirkjastofnun væri ný stofnun sem heyrði undir umhverfisráðherra, sem færi með yfirstjórn mannvirkjamála samkvæmt lögum nr. 160/2010. Ráðherra til aðstoðar væri Mannvirkjastofnun. Umhverfisráðherra skipi forstjóra Mannvirkjastofnunar til fimm ára í senn og beri hann ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Mannvirkjastofnunar gagnvart ráðherra og geri rekstraráætlanir fyrir stofnunina.

Í bréfi forstjórans sagði að hann bæri ábyrgð á þremur mikilvægum málaflokkum: Brunamálum, rafmagnsöryggismálum og byggingarmálum. Ábyrgðin sem starfinu fylgdi væri mjög mikil.

### III.

Mannvirkjastofnun tók til starfa 1. janúar 2011 með gildistöku laga nr. 160/2010. Á sama tíma var Brunamálastofnun lögð niður og verkefni hennar færð undir Mannvirkjastofnun. Jafnframt var ábyrgð á framkvæmd byggingarmála færð frá Skipulagsstofnun til hinnar nýju stofnunar. Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn mannvirkjamála samkvæmt lögnum. Ráðherra til aðstoðar er Mannvirkjastofnun, sem hefur eftirlit með framkvæmd laga um mannvirki og laga um brunavarnir. Stofnunin skal tryggja samræmingu á byggingareftirliti og eldvarnaeftirliti og starfsemi slökkviliða um land allt í samráði við viðkomandi stjórnvöld. Mannvirkjastofnun skal árlega gefa út skýrslu um stöðu og þróun mannvirkjagerðar í landinu. Fjöldmörg önnur verkefni stofnunarinnar eru talin upp í 17 liðum í 5. gr. laga um mannvirki. Sem dæmi má nefna eftirlit með framkvæmd laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga. Einnig annast stofnunin löggildingar hönnuða og iðnmeistara í stað umhverfisráðherra áður og gefur út starfsleyfi fyrir byggingarstjóra og faggiltar skoðunarstofur á byggingarsviði. Í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum um mannvirki nr. 160/2010 segir að gert sé ráð fyrir að stofnunin verði stjórnsýslustofnun sem hafi beint eftirlit með tiltekinni mannvirkjagerð, þ.e. mannvirkjagerð sem í flestum tilvikum hafi hingað til ekki verið háð byggingareftirliti, og beri jafnframt ábyrgð á samræmingu byggingareftirlits um allt land, m.a. með gerð leiðbeininga, skoðunarhandbóka og með beinum íhlutunarrétti ef byggingareftirlit sveitarfélaganna er ekki samræmi við ákvæði laganna. Samkvæmt 6. gr. laganna skal forstjóri stofnunarinnar hafa háskólamenntun á sviði mannvirkjamála. Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn. Hann ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Mannvirkjastofnunar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Forstjórinn ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Svohljóðandi málsliður bættist við 8. gr. laganna með breytingu sem gerð var á lögum um kjararáð með lögum nr. 87/2009: „Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.“ Föst laun forsætisráðherra eru nú 935.000 krónur á mánuði.

Eins og fram hefur komið er Mannvirkjastofnun ný stofnun sem tekur yfir verkefni Brunamálastofnunar auk nýrra verkefna. Við ákvörðun launa forstjóra stofnunarinnar hefur verið höfð hliðsjón af launum forstjóra Brunamálastofnunar, sem nú hefur verið lögð niður, en tekið mið af auknu umfangi hinnar nýju stofnunar. Einnig hefur verið höfð nokkur hliðsjón af launum forstöðumanna stofnana á borð við Skipulagsstofnun, Orkustofnun og Umhverfisstofnun.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra Mannvirkjastofnunar skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

**Ákvörðunarorð**

Frá og með 1. janúar 2011 skulu mánaðarlaun forstjóra Mannvirkjastofnunar vera samkvæmt launaflokki 502-134, nú 659.654 krónur. Að auki skal greiða honum 10 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu sem starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

---

Svanhildur Kaaber

---

Hulda Árnadóttir

---

Jónas Þór Guðmundsson